

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 283, 19. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr./kWh.	Ársgreiðslur kr.
A — Almenn notkun.			
A	Með fastagjaldi	5,61	1 606,00
B — Heimilisnotkun o. fl.			
B1.	Heimilisnotkun	4,14	1 696,00
B2.	Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	7,17	2 530,00
C — Vélanotkun.			
C1.	Með fastagjaldi	5,61	1 606,00
C3.	Stórnotkun (Afltaxti)	1,43	4 942,00 kr/kW
	Fastagjald		17 254,00 /ár
D — Húshitun.			
D1.	Án rofs	3,06	2 046,00
D2.	Rof 1,5 klst. á dag	1,65	2 046,00
D3.	Rof 2,5 klst. á dag	1,50	2 046,00
D5.	Rof 14,5 klst. á dag	0,86	2 046,00
D6.	Sumarh. rof 3 klst. á dag	1,12	2 046,00
D7.	Rof breytilegt	1,38	2 046,00
E — Annað.			
E1.	Sérsamningar		
E2.	Gatna- og hafnarlýsing		17 853,00 kVa/ár.
E3.	Lokun og enduropnun veitu		909,00
Mæla og rofaleiga.			
10	Einfasa		286,00
11	Einfasa með liða		1 485,00
20	Prífasa		1 089,00

21	Þrífasa með liða	2 200,00
24	Þrífasa með straumsp.	2 805,00
30	Þrífasa með aflmæli	1 760,00
31	Þrífasa með aflmæli og straumsp.	3 410,00
32	Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.	

Ákvæði og skýringar með töflu 1.

- A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.
- B2. Til véla- og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×32 A. og 3×50 A. 220 V.
- C3. Til atvinnutækja með meira en 40kW. ársafl. Gjaldstofn aflgjalds úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli á 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxa, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

- D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:
- að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
 - að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
 - verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
 - að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
 - að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
 - að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
 - að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E — Annað.

- E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingakerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu rafveitunefndar.

- E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.
- E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxa á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxa D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxa B2.
Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxa innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
- E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðul hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 28 auro fyrir hvert tímabil mánaðarins sem hann fer niður fyrir slíkt lágmark.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur 220 V Amp.	Aðalvara 380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsheimtaug. allt að 15 m kr.
2,01	2 × 35	1 × 35	7	14 520,00
2,02	2 × 60	1 × 60	13	17 380,00
2,03	3 × 60		22	21 010,00
2,04	3 × 100	3 × 60	38	29 480,00
2,05		3 × 100	66	42 790,00
2,06	2 × 200		76	47 520,00
2,07	3 × 350	3 × 200	132	74 800,00
2,08		3 × 350	231	122 320,00
2,09	Bráðabirgðarheimtaug		1 × 35 Amp.	5 390,00
2,10	Bráðabirgðarheimtaug		3 × 35 Amp.	10 670,00
2,11	Bráðabirgðarheimtaug		3 × 60 Amp.	18 040,00
2,12	Tenging v/Akraneshöfn			688,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið.

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVa	Nr.
3,01	150	94 600,00
3,02	300	178 200,00
3,03	500	286 000,00
3,04	600	330 000,00
3,05	800	440 000,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimitaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Lengd heimitaugar reiknast frá lóðamörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (660,00 + 6,20 \times kVa)$ kr./m.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimitaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimitaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjald-daga þegar setningu heimitaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (húshitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 417, 9. september 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.